Fundargerð 1003. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2026, miðvikudaginn 23. september kl. 13:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar á Hótel KEA á Akureyri.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valgerður Rún Benediktsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerð 1002. fundar - 2510044SA**

   Lögð fram til kynningar fundargerð 1002. fundar stjórnar Sambandsins frá 11. september 2026, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. **Kjörnefnd landsþings Sambandsins - 2606022SA**

   Rætt um tillögu að fulltrúum í kjörnefnd sambandsins sem kjósa þarf á landsþingi.

   Stjórnin samþykkir að leggja til við landsþing að eftirtaldir skipi kjörnefnd sambandsins fyrir kjörtímabilið 2026-2030:

   Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar,
   Friðjón Friðjónsson, borgarfulltrúi,
   Birgir Jónsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð,
   Ari Edwald, borgarfulltrúi,
   Elín Anna Baldursdóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði,
   Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri í Skeið- og Gnúpverjahrepp.

3. **Tilnefning í stjórn Vinnumálastofnunar - 2607007SA**

   Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, dags. 10. september 2026, þar sem Sunna Hlín Jóhannesdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri, er tilnefnd sem aðalfulltrúi í stjórn Vinnumálastofnunar, og Gylfi Ólafsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, til vara.

4. **Tilnefning í samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna - 2609029SA**

   Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 22. september 2026, þar sem Valtýr Valtýsson, og Katrín Sigurjónsdóttir, eru tilnefnd til áframhaldandi setu í samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna.

5. **Tilnefning í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks - 2609004SA**

   Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 22. september 2026, þar sem María

Ingibjörg Kristjánsdóttir, sérfræðingur hjá Sambandinu, og Valgerður Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Reykjavíkurborg , eru tilnefndar sem aðalmenn í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks 2026-2030, og Freyja Sigurgeirsdóttir, sérfræðingur hjá Sambandinu og Ólafur Garðar Rósinkrans, sérfræðingur hjá Reykjanesbæ, til vara.

6. Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kílómetragjald á ökutæki - 2609012SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 16. september 2026, um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kílómetragjald á ökutæki, nr. 100/2025, mál nr. S-164/2026.

Fundi var slitið kl. 14:00